

Ungmennasambandið Úlfljótur

83. ársþing



Haldið á Hótel Höfn

17. mars 2016

Stjórn USÚ 2015

Páll Róbert Matthíasson, formaður

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, ritari

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Stjórn styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Auk formanns og gjaldkera eru í stjórninni Gestur Halldórsson og Bryndís Hólmarsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga

Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir og Halldóra Katrín Guðmundsdóttir.

Til vara: Anna Halldórsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson

Aðildarfélag USÚ

Ungmennafélagið Sindri

form. Gunnhildur Lilja Gísladóttir

- *Badmintondeild – ekki starfandi á keppnisgrundvelli*
- Blakdeild
- Fimleikadeild
- Frjálsíþróttadeild
- Knattspyrnudeild
- Körfuboltadeild
- *Skíðadeild – ekki starfandi*
- Sunddeild
- *Kraftlyftingadeild – ekki starfandi*

Ungmennafélagið Máni

form. Sveinn Rúnar Ragnarsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

form. Pálmi Guðmundsson

Golfklúbbur Hornafjarðar

form. Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfinga

form. Sigrún Sigurgeirsdóttir

Akstursíþróttafélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Margeir Guðmundsson

Skotfélag Austur - Skaftafellssýslu

form. Ingólfur G. Einarsson

Ungmennafélagið Hvöt – ekki starfandi

Ungmennafélagið Valur – ekki starfandi

Ungmennafélagið Vísir – ekki starfandi

Dagskrá 83. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir:
 - a. Landsmótanefnd.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.

Þinghlé

11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
13. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
14. Útnefning íþróttamanns ársins 2015
15. Önnur mál
16. Kosning.
 - b. Kosning stjórnar
 - c. Kosning stjórnar Styrktar- og afrekssjóðs
 - a. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ fyrir árið 2015

Starfsemi ungmennasambandsins hefur verið með hefðbundnum hætti þetta árið og hefur stjórnin fundað reglulega á árinu.

Starfsárið hófst á síðasta ársþingi sem haldið var í Mánagarði þann 26. mars 2015 þar sem ný stjórn var kjörin. Þar lét Matthildur Ásmundardóttir af störfum sem formaður og inn í stjórn kom Jóhanna Íris Ingólfssdóttir. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Jóhanna er ritari, Sigurður Óskar gjaldkeri og Páll Róbert formaður.

Veitt voru hvatningarverðlaun fyrir góðan árangur til nokkurra einstaklinga og útnefndur íþróttamaður ársins 2014, sem var María Birkisdóttir. Einnig var Hreinn Eiríksson gerður að heiðursfélaga USÚ.

Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Reykjavík 17.-18. apríl og fór Valdemar Einarsson fyrir okkar hönd á það.

Vorfundur UMFÍ var með heldur óvenjulegu sniði árið 2015, en hann var haldinn í formi námsferðar til Danmerkur um miðjan maí. Farið var í heimsókn til DGI (einskonar dönsk systursamtök UMFÍ) og ISCA (alþjóðleg íþróttasamtök sem halda t.d. MoveWeek víða um heim). Ferðin var aðallega hugsuð fyrir framkvæmdastjóra héraðssambanda, en þar sem USÚ er ekki með framkvæmdastjóra, fór Sigurður Óskar Jónsson í ferðina fyrir hönd USÚ.

Í byrjun júní var úthlutað úr styrktarsjóði USÚ og hlutu þrír einstaklingar styrk úr sjóðnum.

Vorið 2015 skipaði fræðslu- og tómsbundanefnd sveitarfélagsins starfshóp til að þarfagreina íþróttastarf á Hornafirði. USÚ var beðið um að tilnefna fulltrúa í hópinn og tók Matthildur það að sér. Nefndin skilaði svo af sér skýrslu um haustið. Helstu ógnanir í íþróttastarfi almennt séð, er fækkun iðkenda og samkeppni á milli deilda sem gerir rekstur þeirra erfiðan.

Unglingalandsmótið fór fram á Akureyri um verslunarmannahelgina og mættu fulltrúar frá USÚ á mótið. Landsmótsnefnd hefur séð um skipulagningu ferða á landmót.

Næsta unglingalandsmót verður í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og vonandi mæta sem flestir þangað, enda frábær aðstaða í Borgarnesi.

USÚ tók þátt í verkefninu MoveWeek eða hreyfiviku sem UMFÍ heldur utan um en verkefnið er alþjóðlegt og hefur það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu íbúa heimsins. Verkefnið lukkaðist ágætlega þó það hefði mátt vera meiri þátttaka á meðal íbúa. Þess má geta að hreyfivikan verður ekki í haust heldur 23-29 maí.

49. sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík 17.-18. október. Þar átti USÚ 4 fulltrúa, Sigurður Óskar, Hulda Laxdal, Björn Ármann Jónsson og Páll Róbert. Fór þingið vel fram og bar þar helst til tíðinda að formannsskipti urðu í stjórn UMFÍ. Helga Guðrún Guðjónsdóttir hætti og í hennar stað kom Haukur Valtýsson.

Einnig urðu þau gleðitíðindi að Sigurður Óskar Jónsson gjaldkeri USÚ var kosin í varastjórn UMFÍ og er hann vel að því komin, enda mikill ungmennafélagsmaður.

Á síðasta ársþingi var samþykkt breyting á skiptingu tekna sem renna til USÚ. Ákveðið var að auka tekjur styrktar- og afrekssjóðs í því skyni að efla sjóðinn, enda hefur sjóðurinn aðeins getað úthlutað vöxtum sem koma af eign sjóðsins og hafa numið 150-160 þúsund kr. nettó á ári. Það segir sig sjálft að ekki verður mikill stuðningur af þeirri upphæð.

Strax í apríl á síðasta ári sendi formaðurinn, fyrir hönd stjórnar, inn erindi til Sveitarfélagsins um samning til 5 ára sem kveður á um styrk frá Sveitarfélaginu í afrekssjóðinn. Tilgangurinn er að efla sjóðinn og fjölga úthlutunum en hingað til hefur verið úthlutað einu sinni á ári.

Tillaga um breytingu á lögum styrktarsjóðs verður tekin fyrir hér síðar í dagskránni. Bæjarráð samþykkti erindið í lok febrúar og vísaði því til næstu fjárhagsáætlunar og tekur því nýr samningur gildi um næstu áramót. Því lítur út fyrir að Styrktarsjóðurinn standi betur undir nafni á næstu árum.

Dagana 22. - 23. Janúar s.l. var haldin skemmtihelgi á vegum Ungmennaráðs UMFÍ. Yfirskrift helgarinnar var Framtíðar frumkvöðlar. Helgin hófst í Þjónustumiðstöð UMFÍ þar sem þátttakendur hittust og tóku þátt á námskeiði á vegum Icelandic Startups. USÚ átti 2 fulltrúa á námskeiðinu, þeir Birkir Freyr Elvarsson og Kristján Vilhelm Gunnarsson, og voru þeir ánægðir með ferðina í alla staði.

Ég vil minna þing gesti á heimasíðu USÚ, www.usu.is en þar má finna lög sambandsins, metaskráningu í frjálsum og ýmis konar fróðleik tengdan sambandinu. Einnig erum við með fésbókarsíðu sem ég hvet sem flesta til að líka við.

Einnig vil ég minna á heimasíðu UMFÍ þar sem meðal annars er að finna upplýsingar um fræðslu og verkefnasjóð UMFÍ, en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna, meðal annars til þjálfaramenntunar. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hann og notfæra. Sækja þarf um styrk fyrir 1 apríl vegna næstu úthlutunnar.

Að lokum vil ég þakka ykkur sem hér eru fyrir allt það sjálfboðastarf sem þið leggið til við að halda uppi öflugum ungmenna og íþróttastarfi í okkar heimabyggð.

Páll Róbert Matthíasson, formaður USÚ

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Á árinu 2015 var úthlutað úr sjóðnum til þriggja einstaklinga. Áróra Dröfn Ívarsdóttir (frjálssar íþróttir, 70.000 kr.), Gísli Þórarinn Hallsson (körfubolti, 70.000 kr.) og Arney Bragadóttir (fimleikar, 55.000 kr.) hlutu styrki til æfinga- og keppnisferða.

Ársreikningur USÚ 2015

	2015	2014	
Rekstrartekjur			
Lottó	4.273.796	4.573.938	
Styrkir	177.612	171.452	1)
Styrkur vegna ULM	0	1.000.000	2)
Hagnaður af mótum	0	1.027.272	3)
Uppgjör frjálsípróttad. Sindra vegna reikninga FRÍ.	0	57.250	
Rekstrartekjur alls	4.451.408	6.829.912	

Rekstrargjöld			
Lottó til aðildarféлага	3.644.123	3.262.355	
Auglýsingar og heimasíða	94.099	7.233	4)
Verðlaun	43.174	16.398	
Ferða- og fundakostnaður	249.787	87.581	
Styrkir	700.049	191.757	5)
Styrkur vegna ULM	0	1.000.000	2)
Annað	0	95	
Rekstrargjöld alls	4.731.232	4.565.419	

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-279.824	2.264.493
---	----------	-----------

Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	38.259	37.686
Fjármagnstekjuskattur	-7.651	-7.537
Fjármagnsliðir alls	30.608	30.149

Hagnaður/Tap	-249.216	2.294.642
---------------------	----------	-----------

Að frádrögnum styrkjum vegna ULM

694.642 6)

Efnahagsreikningur 31.12.2015

Eignir		
Bankainnistæða	5.634.783	5.883.999
Eignir alls	5.634.783	5.883.999

Skuldir		
Ógreitt til aðildarfélaga v. áramót	1.577.482	1.726.580
Ógreitt lottó til Skotfélagsins	0	75.988 7)
Ógreiddir reikningar	0	0
Skuldir alls	1.577.482	1.802.568

Skuldir og eigið fé 31.12.2015	4.057.301	4.081.431
<i>Að meðtöldum afrekssjóði</i>	9.441.804	9.520.174

- 1) Getraunir. Fer allt í rekstur tippstofu Sindra.
- 2) Styrkir úr ríkissjóði vegna ULM. Voru settir inn á almennan reikning USÚ vegna þess að ekki var búið að stofna sérstakan reikning fyrir ULM þegar sótt var um styrkina. Þetta var í raun styrkur vegna uppbyggingar landsmótsstaða og var greiddur til Sveitarfélagsins.
- 3) Uppgjör bankareiknings ULM 2013. Hlutdeild USÚ í rekstrarafgangi.
- 4) Greitt er fyrir hýsingu á usu.is annað hvert ár. Auk þess var síðan hökkuð og kostaði 57.660 kr. að laga hana.
- 5) Tippstofan og Sindraskráin. Auk þess fékk fimleikadeild Sindra styrk vegna áhaldakaupa upp á 500.000 kr.
- 6) Reikningurinn frá 2013 sýndi í raun óeðlilega mikinn taprekstur og reikningur frá 2014 óeðlilega mikinn hagnað vegna styrkja úr ríkissjóði. Jafnvægi er komið á núna.
- 7) Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu skilaði ekki starfsskýrslu fyrir árið 2013.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Haldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2015

	2015	2014
Rekstrartekjur		
Lottó	0	0
Rekstrartekjur alls	0	0
Rekstrargjöld		
Styrkir	195.300	260.450
Rekstrargjöld alls	195.300	260.450
Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-195.300	-260.450
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	176.324	194.184
Fjármagnstekjuskattur	-35.264	-38.836
Fjármagnsliðir alls	141.060	155.348
Hagnaður/Tap	-54.240	-105.102

Efnahagsreikningur 31.12.2015

Eignir		
Aftekssjóður	5.384.503	5.438.743
Eignir alls	5.384.503	5.438.743

8) Samþykkt var á síðasta þingi að veita 5% af lottótekjum í sjóðinn. Því miður gleymdist að millifæra upphæðina, 97.286 kr., fyrr en í janúar 2016, en það var gert ráð fyrir henni í útreikningum á lottóúthlutun til aðildarféлага s.l. sumar. Hlutur sjóðsins í fyrri greiðslu ársins 2016 er 120.619 kr. og því má gera ráð fyrir því að 358.965 kr. séu til úthlutunar næst þegar veitt er úr sjóðnum.



Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ



Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.



Haldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Tillögur og ályktanir

Tillaga 1

Tillaga frá stjórn USÚ

83. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið á Hótel Höfn 17. mars 2016, hvetur ungmennafélaga til að fjölmenna á landsmót UMFÍ 50+ sem haldið er á Ísafirði 10.- 12. júní og á unglingalandsmót UMFÍ sem verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.

Tillaga 2

Tillaga frá stjórn USÚ

83. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið á Hótel Höfn 17. mars 2016, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum styrktar- og afrekssjóðs USÚ.

2. grein:

„sem eru í aðildarfélögum USÚ“ fellur út. Þar á eftir kemur „til æfinga og keppni.“ Í stað punkts kemur „og“ sem tengir setningarnar saman. Í lok greinar bætist við textinn: „Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.“

4. grein:

Á eftir „skv. reglugerð hverju sinni.“ Bætist við „Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.“ Orðin „Auk þess sem“ falla út.

5. grein:

Í stað „ávöxtun“ kemur orðið „innkoma“.

6. grein:

Í stað „einu sinni“ kemur „tvisvar sinnum“

7. grein:

Í lok greinar bætist við textinn: „eða í tölvupósti“.

10. grein:

Í stað orðanna „einu sinni á ári“ kemur „sem fyrst“

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn ~~sem eru í aðildarfélögum USÚ~~ til æfinga og keppni-~~og E~~einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.

Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

~~Auk þess sem fr~~jáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur ~~ávöxtun~~innkoma hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum ~~einu sinni~~visvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25, eða í tölvupósti.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal ~~einu sinni á ári~~sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 81. ársþingi USÚ, 31. mars 2014

Lög styrktar- og afrekssjóðs USÚ (eftir breytingar 2016)

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirski afreksmenn til æfinga og keppni og einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu. Skilyrði fyrir styrk er að umsækjandi eigi lögheimili eða hafi að jafnaði fasta búsetu í Sveitarfélaginu Hornafirði. Við styrkveitingar njóta félagar í aðildarfélögum USÚ forgangs.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 2 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarféлага sem ekki eiga stjórnarmenn og einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði. Fulltrúar USÚ skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða:

Ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. reglugerð hverju sinni.

Árlegt framlag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur innkoma hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25, eða í tölvupósti.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal sem fyrst eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Síðast breytt á 83. ársþingi USÚ, 17. mars 2016

Tillaga 3

Tillaga frá stjórn USÚ.

83. ársþing Ungmennasambandsins Úlfljóts, haldið á Hótel Höfn 17. mars 2016, samþykkir eftirfarandi reglugerð um kjör íþróttamanns USÚ.

Reglugerð um kjör íþróttamanns USÚ

1. Á ársþingi ár hvert skal kjöri íþróttamanns ársins lýst.
2. Stjórn USÚ skal bera ábyrgð á kjörinu.
3. Stjórn USÚ óskar eftir tilnefningum frá aðildarfélögum nokkru áður en að kjörinu kemur.
4. Heimilt er að kjósa hvern þann íþróttamann sem fullnægir öllum eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Er skráður félagi í aðildarfélagi USÚ.
 - b. Keppir í íþrótt sinni fyrir hönd USÚ eða aðildarfélög þess.
 - c. Er íslenskur ríkisborgari.
5. Íþróttamaður USÚ fær afhentan verðlaunagrip til eignar.
6. Stjórn USÚ hefur getur einnig veitt öðrum sem koma þykja til greina, hvatningarverðlaun USÚ. Þeir sem þau hljóta, fá einnig afhenta verðlaunagripi til eignar.

(Þessi reglugerð var samþykkt á 83. ársþingi USÚ, 17. mars 2016 og fellur fyrri reglugerð úr gildi um leið)

Núgildandi reglugerð um kjör íþróttamanns USÚ sem ekki hefur verið farið eftir lengi.

1. Á ársþingi ár hvert skal kjöri íþróttamanns ársins lýst.
2. Stjórn USÚ skal bera ábyrgð á kjörinu.
3. Stjórn USÚ skipar þriggja manna nefnd sem safnar upplýsingum og leggur fram tillögum um íþróttamann ársins fyrir stjórn USÚ og formannafund ár hvert.
4. Heimilt er að kjósa hvern þann íþróttamann sem fullnægir öllum eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Er skráður félagi í aðildarfélagi USÚ.
 - b. Keppir í íþrótt sinni fyrir hönd USÚ eða aðildarfélög þess.
 - c. Er íslenskur ríkisborgari.
5. Íþróttamaður USÚ fær afhentan til varðveislu í eitt ár farandgrip þann er Ungmennasambandið Úlfljótur hefur gefið í þessu tilefni. Letra skal á farandgripinn nöfn þeirra sem hann hljóta og ártal við. Gripurinn vinnst ekki til eignar, en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og varðveittur á skrifstofu USÚ.
6. Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns USÚ fá afhenta gripi til eignar sem minnir á kjör þeirra. Í áletrum komi fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Stjórn USÚ ákveður hverjar þessar viðurkenningar verða hverju sinni.
7. Þegar kjöri íþróttamanns USÚ er lýst skal skýra frá nöfnum fimm stigahæstu einstaklinganna í kjörinu.

Þessi reglugerð var samþykkt á 58. ársþingi USÚ, 10. mars 1990

Lög Ungmennasambandsins Úlfljóts

1. gr. Heiti:

Sambandið heitir Úlfljótur, skammstafað USÚ.

2. gr. Sambandssvæði:

Heimili og varnarþing sambandsins er í Hornafjarðarbæ, Austur- Skaftafellssýslu.

3. gr. Hlutverk:

Hlutverk sambandsins er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð sem stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjarstjórn og aðra opinbera aðila innan héraðs.
3. Að varðveita og skipta milli félaganna því, sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn sambandsins, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

4. gr. Tilgangi náð:

Tilgangi sínum hyggst sambandið ná með eflingu íþrótta og með því að starfa að þeim þjóðnytjamálum sem það telur sér fært að sinna.

5. gr. Réttur til aðildar:

Rétt til þátttöku í USÚ hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra í samræmi við lög USÚ, ÍSÍ og UMFÍ.

6. gr. Umsókn um aðild:

Umsóknir um inngöngu í sambandið sendist stjórn USÚ ásamt lögum viðkomandi félags, nöfnum stjórnarmanna og félagaskrá. Stjórnin úrskurðar um inngöngu sem þó skal staðfesta á ársþingi. Úrsögn úr USÚ er því aðeins gild að félagið sé skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem ekki hafa sent skatt eða skýrslu í tvö ár samfleytt, má víkja úr sambandinu. Ennfremur þeim félögum sem að öðru leyti gerast brotleg við lög þessi. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi. Sambandsfélögin greiða skatt til USÚ og er hann ákveðinn á ársþingi ár hvert.

7. gr. Ársþing:

Sambandið heldur ársþing sitt fyrir marslok ár hvert. Stjórn kveður til þings og ákveður þingstað. Ársþing skal boðað skriflega og auglýst með eins mánaðar fyrirvara og er það löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þing skal senda aðildarfélögum, sérráðum og öðrum er rétt eiga til þingsetu með eigi minni en einnar viku fyrirvara. Ársþing skal halda til skiptis hjá félögunum. Tillögur félaganna um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skal stjórnin kynna þær aðildarfélögunum með þingboði. Reikningsárið er almanaksárið.

8. gr. Fulltrúar á ársþing:

Hvert sambandsfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á ársþing þannig að einn fulltrúi komi fyrir hverja 25 skattskylda féлага eða brot úr því sem nemur 2/3 hluta eða meira. Fulltrúar skulu aldrei vera færri en tveir frá hverju félagi. Eftir að fjórum fulltrúum er náð skal vera 1 fyrir hverja 50 skattskylda féлага. Tala félagsmanna skal miðuð við síðustu áramót og eru 16 ára og eldri skattskyldir. Á ársþingi hafa allir sambandsaðilar málfrelsi og tillögurétt, en aðeins stjórn og fulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnin getur boðið öðrum aðilum þingsetu er hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi á ársþingi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

9. gr. Störf þingsins

1. Þingsetning.

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
4. Kosning fyrsta og annars þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
12. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
13. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
14. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
15. Önnur mál.
16. Kosning. Álit Kjörnefndar.
 - Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara. Skulu þeir jafnframt vera endurskoðendur aðildarfélaganna (nema þau kjósi eigin endurskoðendur)
 - Kosning fulltrúa á Íþróttþing (ÍSí þing).
17. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
18. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

10. gr. Aukaþing:

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaping eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veiker eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga eða leikreglubreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

11. gr. Stjórn:

Stjórn USÚ skal skipuð fulltrúum allra aðildarféлага sambandsins. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir ársþing, þ.e. formaður, ritari og gjaldkeri. Fráfarandi formaður boðar til þess fundar. Stjórnarfundi skal halda minnst 4 sinnum á ári.

12. gr. Hlutverk stjórnar:

Stjórnin hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála sambandsins milli þinga innan þeirra marka sem lög og þingsamþykktir setja. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til ÍSí og UMFÍ skv. lögum þeirra. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt þeirri fjárhagsáætlun er þingið hefur samþykkt. Hún skal ábyrgjast sjóði sambandsins og í sameiningu hafa forsjá um aðrar eignir þess. Félög er ekki standa skil á skýrslum og öðrum skuldbindingum gagnvart sambandinu fá ekki úthlutað úr sjóðum þess svo sem Lottósjóði eða öðrum, fyrr en úr hefur verið bætt.

13. gr. Nefndir:

Nýkjörin stjórn skal tilnefna þær nefndir er hún telur þörf á að skipa, og skulu þær starfa með stjórninni.

14. gr.

Sambandið og aðildarfélög þess skulu veita skattayfirvöldum allar upplýsingar um starfsmannagreiðslur og aðrar greiðslur skv. skattalögum hverju sinni.

15. gr. Lagabreytingar:

Lögum þessum má aðeins breyta á ársþingi með minnst 2/3 hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem mættir eru.

16. gr.

Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSí (eins og við á).

17. gr. Gildistaka:

Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSí hefur staðfest þau.

Lögum þessum var síðast breytt á 73. ársþingi USÚ, 9. mars 2006.

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

15% – USÚ

5% - Styrktar og afrekssjóður USÚ

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

58% – Ungmennafélagið Sindri

9% – Ungmennafélagið Máni

9% – Golfklúbbur Hornafjarðar

9% – Hestamannafélagið Hornfirðingur

5% – Ungmennafélag Öræfa

5% – Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu

5% – Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu

Lottó er greitt út tvisvar á ári, að jafnaði í janúar og júlí.

Þessum reglum var síðast breytt á 82. ársþingi USÚ, í Mánagarði í Nesjum 26. mars 2015.

Starfskýrslur aðildarféлага

Aðalfundur aðalstjórnar Umf. Sindra 15.mars 2015

Árið 2015 var með hefðbundnu sniði hjá Sindra og töluvert mikið starf í gangi. Iðkendur og keppendur deilda félagsins tóku þátt í ýmsum viðburðum og mótum heima og heiman. Við þurfum að halda íbúum sveitarfélagsins upplýstum um þetta mikla starf t.d. með því að birta greinar í Eystrahorni en á síðasta ári birtust þrjár greinar um knattspyrnu, þrjár greinar um sund, tvær greinar frá þjálfurum fimleika og ein grein frá frjálsíþróttadeildinni. Félagið er duglegt að auglýsa í blaðinu en við ættum að stefna að því að gera starfið innan deildanna sýnilegra í héraðsfréttablaðinu, á heimasíðu og fésbókarsíðum. Það er gaman fyrir iðkendur þegar sagt er frá þeim viðburðum eða keppnum sem þeir taka þátt í á opinberum vettvangi.

Íformi var ekki haldið um haustið líkt og árin á undan og eru ástæðurnar kannski helstar að því er virðist minnkaður áhugi meðal fólks eldri en 25 ára á mótinu. Reynt var að halda fundi til að skipuleggja en þeir féllu niður. Við viljum ekki láta þetta mót heyra sögunni til og því verður að finna því nýjan farveg á árinu 2016 með virkri þátttöku formanna deilda sem bjóða íþróttæfingar fyrir fólk á þessum aldri.

Það er orðið meira framboð af tækifærum til íþróttaiðkunar hér en áður og það getur kallað á breytt skipulag hjá félaginu. Iðkendum er að fækka, árgangar eru fámennir og erfitt getur verið fyrir sumar deildir að halda úti starfi vegna of fárra iðkenda. Því þarf félagið á hverjum tíma að skoða hvort deildir þurfi að starfa meira saman svo hægt sé að halda úti þessu fjölbreytta starfi sem við bjóðum upp á.

Bílamálin hjá Sindra eru lífleg en á haustdögum var keypt notuð 14 sæta rúta og þá á Sindri 2 og hálfan bíl. Þá er almenn ánægja með samstarfið við Fallastakk.

Ungmennafélagið Sindri, aðalstjórn.

Gunnhildur Gísladóttir, Halldóra Guðmundsdóttir og Gauti Árnason.

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar Sindra fyrir árið 2015

Í stjórn knattspyrnudeildar Sindra árið 2015 sátu Gunnar Ingi Valgeirsson, Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir, Gunnar Stígur Reynisson, Linda Hermansdóttir og Kristján Sigurður Guðnason.

Nú hafa 2 stjórnarmenn beðist lausnar, Gunnar Stígur og Ólöf Þórhalla og þökkum við þeim vel unnin störf.

Markmið og stefna stjórnar er sem fyrr að efla knattspyrnuíðkun og stuðla að auknum forvörnum í samfélaginu, viðhafa ábyrga fjármálastjórnun og hlúa að og efla yngriflokkastarf og styðja við framtíðaruppbyggingu eldri flokka knattspyrnudeildar Sindra.

Knattspyrnskóli Sindra var haldinn á vetrarmánuðum 2015 og tókst mjög vel og þátttaka var vonum framar. Eins og árið áður heiðraði landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson okkur með nærveru sinni ásamt fjölmörgum öðrum þjálfurum. Vil ég þakka bæði þjálfurum og ekki síst þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem að verkefninu komu.

Stórt skarð var höggvið í þjálfarateymi okkar þegar Sævar Þór Gylfason og Cober létu af störfum. Báðir höfðu þeir starfað hjá félaginu til fjölda ára og skilað óeigingjörnu starfi og er þeirra sárt saknað. Nýr þjálfari bættist í hópinn hjá okkur á síðasta ári, Viktor Steingrímsson, og bjóðum við hann velkominn til starfa. Einnig urðu breytingar hjá Meistaraflokk kvenna þar sem Sigurborg Jóna Björnsdóttir lét af störfum sem þjálfari og þökkum við henni fyrir vel unnin störf.

Knattspyrnudeild Sindra tók þátt í hefðbundnum mótum og keppnum í öllum flokkum og var árangur viðunandi. Helsta ógn okkar er fækkun iðkenda sem kemur niður á starfinu og er ekki auðvelt fyrir okkur hér að sameinast öðrum félögum. Við verðum trúlega að bregðast við með sameiningu flokka og í auknum mæli að láta stelpur og stráka æfa saman. Er það von mín að foreldrar sem og iðkendur hjálpi okkur við þetta breytta og vonandi tímabundna landslag. Árið 2015 var ákveðið að halda ekki úti 2. flokk karla þar sem stjórn taldi erfitt yrði að manna bæði meistaraflokk og 2. flokk og ákvað í staðinn að fara í samstarf með ungmennafélaginu Mána sem hélt úti liði í 4. deild. Skemmst er frá því að segja að ekki tókst það samstarf eins og lagt var upp með og er það mat mitt að stór mistök hafi verið gerð þegar ekki var reynt til þrautar að halda úti 2. flokk.

Rekstur deildarinnar er viðunandi en hvergi má út af bregða. Ýmis reksrarkostnaður hefur aukist töluvert á undanförunum árum ásamt fækkun iðkenda sem þyngir fjárhaginn verulega.

Að lokum vill knattspyrnudeild Sindra þakka öllum þjálfurum svo og öllum þeim fjölmörgu sem að starfinu koma bæði einstaklingum og fyrirtækjum fyrir samstarfið á nýliðnu ári.

Fyrir hönd knattspyrnudeildar Sindra

Kristján Sigurður Guðnason

Ársskýrsla blakdeildar Sindra 2015.

Ný stjórn var kosin á síðasta aðalfundi blakdeildar. Sævar Þór Gylfason sem hafði verið formaður til margra ára og stýrt starfi deildarinnar af myndarskap, ákvað að breyta til og flytja í Kópavoginn enda gott að búa þar. Sævari var þakkað fyrir hans framlag við uppbyggingu blakiðkunar á Hornafirði.

Inn í stjórn kom Jóhanna Björg Jóhannsdóttir og bættist í hóp þeirra Valgeirs Steinarssonar, smassara og Páls Róberts Matthíassonar.

Vorönn 2015 Meistaraflokkar.

Sindri var með lið í Íslandsmóti karla og kvenna, Austurlandsriðli og stóð sig vel. Bæði lið urðu meistarar í sínum deildum með miklum yfirburðum. Ekki er haldin úrslitakeppni við suðurlandið eins og var hér áður.

Bæði lið tóku þátt í Hamarsmóttinu í apríl og svo var farið á öldungamót á Neskaupsstað í maí. Þar stóð kvennaliðið sig mjög vel, tapaði ekki hrinu og vann sína deild með miklum mun. Karlaliðið átti líka góða spretti en þó sérstaklega eftir að leikjum var lokið. Þjálfarar voru Brynjúlfur hjá kk og Asía hjá kvk.

Yngriflokkar fóru líka á Íslandsmótið, 4 flokkur fór með 2 lið í Kópavog, 1 stráka lið og annað blandað. Þjálfari var Brynjúlfur.

3 fl. stúlkna fór á Íslandsmótið á Akureyri og líka á bikarmót í Fylkishöllinni. Þjálfari var Asía.

Sumarið 2015 Strandblak.

Ekki voru fastar æfingar um sumarið enda fer það mikið eftir veðri hvort fólk mætir í strandblak. Þar sem flestir eru á einhverju flakki yfir sumarið, þá þurfa þeir sem vilja spila að vera duglegir að nota facebook síðuna til að smala í hvert skipti sem veðrið er hagstætt. Boltar eru til staðar inni gám og hefill til að slétta völlinn er á staðnum svo það geta allir bjargað sér og haft gaman á ströndinni.

Haustönn 2015.

Þjálfarar voru Jóhanna Björg sem er með mfl. kvk, 3 og 4 fl. og ákveðið var að slá saman kynjum í hvorum flokki til að fá meira út úr æfingum. Þjálfari mfl kk. var Brynjúlfur en hann óskaði svo eftir að láta af störfum í október og tók þá Páll Róbert Matthíasson við þjálfun mfl kk.

Sindri er með lið á Íslandsmóti karla og kvenna í meistaraflokki. Ekki náðist í lið í yngri flokkum á haustönn og er það miður. Þó hefur verið góð mæting, sérstaklega í 3 fl.

Í haust fór Birkir Freyr Elvarsson með U17 landsliði Íslands til Englands og tók þátt í NEVZA móttinu og spilaði þar sína fyrstu landsleiki fyrir Ísland. Aðrir krakkar hafa verið til skoðunar hjá landsliðsþjálfurum og vonandi verða þau fleiri sem komast í lokahóp á næstunni.

Iðkendur í blaki hafa verið 50-60 á árinu, sem er góður árangur í ljósi þess að krökkum fækkar jafnt og þétt á svæðinu. Æfingar eru tvisvar í viku og því nauðsynlegt að mæta á allar æfingar ef árangur á að nást.

Fyrir hönd blakdeildar Sindra, Páll Róbert Matthíasson.

Skýrsla stjórnar Körfuknattleiksdeildar Sindra 2015

Starf deildarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti tímabilið 2015-2016. Fjöldi iðkenda fækkaði nú í haust og hafa um 17 iðkendur verið að æfa í vetur miðað við um 65 iðkendur tímabilið 2014-15. Átak í haust til að fjölga iðkendum skilaði ekki tilætluðum árangri eins og undanfarin ár.

Fyrir núverandi tímabil var ákveðið að ráða spilandi þjálfara fyrir meistaraflokk karla ásamt því sem hann myndi þjálfa yngri flokka. Eftir að hinn ameríski Idell Bell heltist úr lestinni var makedónski Þjóðverjinn Georgi Bujukliev ráðinn til starfsins. Karlinn fór kröftuglega af stað og sá um að þjálfa 6.-7. flokk og drengjaflokk til viðbótar við meistaraflokkinn. Georgi var með góðar æfingar og þá sérstaklega á einstaklings grunni. Georgi snéri svo ekki til baka úr fríi eftir áramót vegna veikinda. Í kjölfarið tók hinn ameríski Eric Benedick við starfi hans og sér nú um þjálfun sömu flokka.

Drengjaflokkurinn keppir í 2. deild og hefur unnið 2/3 af sínum leikjum. 6.-7.flokkur hefur keppt á fjölliðamótum í c-riðli íslandsmóts og er nú eitt slíkt mót áætlað hér í mars. 1.-5. bekkur hefur verið undir handleiðslu Kristjáns Örnar Ebenezarsonar. Fóru þeir flokkar nú á Sambíómótið fyrir áramót og Nettómótið eftir áramót og stóðu sig með þrýði. Í nóvember var farið í æfingaferð til Egilsstaða með yngri flokka og keppt við heimamenn, sú ferð heppnaðist mjög vel.

Meistaraflokkur hefur ekki farið eins vel af stað í vetur og undanfarin ár. Inn í þetta spilar að uppistaðan eru ungir leikmenn breyting á deildarkeppninni og fleiri þættir.

Gísli Þórarinn Hallsson var síðastliðið sumar valinn í U-16 landsliðið sem keppti á Evrópumótinu. Stóð hann sig með þrýði og fór svo í kjölfarið og gerði samning við úrvaldsdeildarlið Hattar fyrir tímabilið 2015-16 ásamt bróður sínum Hallmari.

Rekstur deildarinnar hefur verið í jafnvægi eins og undanfarin ár en fækkun iðkenda og kostnaður við erlenda leikmenn/þjálfara hefur gert róðurinn þyngri. Ýmsar fjáraflanir hafa verið í gangi hjá deildinni, aðallega í formi vinnuframlags fyrir bæinn og einkaaðila. Stærstu einstöku styrktaraðilar deildarinnar eru Jökulsárlón, Nettó, TM, Umbúðamiðlun, Landsbankinn og Kaffihornið. Þakkar deildin þeim veittan stuðning.

Stjórnin vil sérstaklega þakka Valdemari Einarsyni góð störf fyrir deildina á undanförunum árum. Einnig Kristjáni Erni fyrir að hlaupa undir bagga við þjálfun meistara- og drengjaflokks og aðstoð við niðurröðun leikja ásamt ýmsu fleiru. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem hafa komið að starfinu á einn eða annan hátt iðkendum, foreldrum o.fl. Stefnan er að klára tímabilið með krafti og koma sterk til leiks næsta haust.

Stjórn Körfuknattleiksdeildar Sindra

Hjálmar Jens Sigurðsson, Björgvin Erlendsson, Björgvin Óskar Sigurjónsson

Ársskýrsla fimleikadeildar Sindra 2015 -2016

- Ragnar Magnús Þorsteinsson snéri aftur til starfa og tók við yfirþjálfarastöðunni í maí 2015.
- Boðið var upp á stutt sumarnámskeið í samvinnu við Fitkid sem lauk með sýningu á Humarhátíð.
- Foreldrafundur var haldinn 23. september þar sem starf deildarinnar var kynnt og fyrirhuguð dagskrá rædd.
- Fimleikasamband Íslands samþykkti það fyrirkomulag að Höttur og Sindri keppi undir heitinu Höttur/Sindri í meistaraflokki í hópfimleikum í vetur. Þetta er í fyrsta sinn sem Sindri er með meistaraflokk, því ber að fagna.
- Íslandsmótið í stökkfimi var haldið dagana 30/10-1/11 á Akureyri og fóru nokkrir iðkendur frá Sindra.
- Helgina 23/10-25/10 var farið til Keflavíkur í eina æfingaferð. Ferðirnar eru vel heppnaðar þar sem æft er við kjöraðstæður.
- Haustmótið í hópfimleikum var haldið á Akranesi dagana 20/11-22/11. Þátttaka góð.
- Í lok desember var hafist handa við flutning fimleikanna yfir í Mánagarð og er því fimleikadeildin núna með eigið fimleikahús. Mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag meðal þjálfara, iðkenda og foreldra.
- Kominn var tími á nýjan dans hjá okkur. Hann var því keyptur í upphafi árs og komu þjálfarar frá Hetti til okkar helgina 9/1-11/1 og héldu úti stífum dansæfingum.
- Stjórnin ræddi um hvort hægt væri að virkja foreldra í tenglahlutverk m.a. með fjáraflanir í huga. Eyrún Unnur Guðmundsdóttir tók að sér hlutverk tengils en mikilvægt er að virkja aðra foreldra til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum deildarinnar. Framundan eru mörg verkefni og hugsanlega verða tenglarnir tveir.
- Fimleikadeildin óskaði eftir styrkjum til áhaldakaupa og var bréf þess efnis sent til fyrirtækja á svæðinu í nafni framkvæmdastjóra. Lítil sem engin viðbrögð.
- WOW-mótið var helgina 19/2 – 21/2 á Selfossi. Meistaraflokkur (B) Sindra-Hattar tók þátt og lenti í 2.sæti.
- Dagana 26/2 – 28/2 var farið á Bikarmót unglunga í hópfimleikum sem haldið var í Gerplu.
- Bikarmót meistaraflokks var haldið í Stjörnunni 5/3 – 6/3 í RVK. Lið Sindra-Hattar (B) tók þátt og lenti í 3. sæti.
- Deildin fjárfesti í nýjum áhöldum í vetur og má þar nefna loftdýnu, hlauparenning, áhalda dansgólf og lendingardýnu.
- Framundan eru nokkur mót, s.s. hóp mót á Egilsstöðum 16/4, innanfélagsmót 11/5 og vormót á Selfossi 20/5-22/5. Auk þess er verið að skoða áhuga drengja á opinni strákaæfingu sem verður 19/3 og er beðið svara frá foreldrum. Einnig er í skoðun danshelgi 1/4 -3/4 þar sem bestu dansþjálfarar landsins koma til okkar og fínþússa nýja dansinn okkar með stelpunum.
- Stefnt er að metnaðarfullri Disney-vorsýningu laugardaginn 7/5 en undirbúningur er hafinn nú þegar.

Ársskýrsla Sunddeildar Sindra 2015

Starf Sunddeildar Sindra árið 2015 var að mestu óslitið allt árið. Reglulegar æfingar voru bæði yfir haust og vetrarmánuði og settar voru á sumaræfingar fram að AMÍ sem haldið var á Akureyri 25.-28. júní og voru það þær Sandra, Íris Mist, Anna María og Ingunn sem fóru ásamt nokkrum foreldrum og var það sannarlega prik í reynslubankann þar.

Vetrar æfingarnar fóru af stað í byrjun janúar og þá með 22 iðkendum. Trausti Magnússon og Goran Basrak voru þjálfarar hjá okkur, en Trausti lét af störfum eftir AMÍ mótið í lok júní. Enn er ekkert að gerast í Garpa æfingum en aldrei að vita hvað gerist á næstunni í þeim málum.

Í janúar komu fínu utanyfirgallarnir okkar og voru það allir sem festu kaup á þeim og svo sannarlega gaman að sjá flottu krakkana okkar vel merкта sunddeildinni.

Til stóð að hafa æfingarbúðir helgina 6-8 febrúar en ekkert varð af því sökum veðurs, en helgina 20.-22. febrúar voru þær haldnar í hörku frosti og hávaða roki. Allir skemmtu sér þó vel og voru þetta frábærar æfingar með topp þjálfurum.

Helgina 27. febrúar – 1. mars fór A- hópur á vormót Fjölnis, alls 5 krakkar og stóðu sig með þriðji en það mót kom okkur inn á AMÍ.

Okkar árlega páskaeggjamót var haldið 22. mars og er það alltaf skemmtilegt og gaman að sjá hversu duglegir foreldrar eru að standa að þessu með okkur. Veitt voru verðlaun fyrir 1., 2. og 3. sætið og allir iðkendur svo leystir út með páskaeggjum.

Sumardagsins fyrsta mót var á Djúpavogi 9. maí og þangað fóru 18 krakkar og sumir unnu til verðlauna þar.

Vorslúttið var haldið 18. maí inni í Hoffelli þar sem krakkarnir skelltu sér í pottana og fóru svo í kaffiveislu til Ingibjargar á eftir eins og áður vorum við með viðurkenningarathöfn og er þetta að verða fastur liður á vorin og finnst krökkunum þetta skemmtilegt

Sundæfingar fyrir yngstu kynslóðina voru í júní og var það hún Sigurborg Jóna sem sá um þær og gekk mjög vel.

Haustæfingar hófust 7. september og þar var Goran orðinn einn að störfum.

Helgina 6.-8. Nóvember fórum við í æfingarbúðir til Reykjavíkur og æfðum í Laugardalslaug. Það voru þeir Ingi Þór og Jacky sem sáu um þessa helgi og allir voru sáttir. Það var margt brallað og alveg ljóst að þetta hefði ekki gengið nema fyrir það hversu góður foreldrahópurinn er.

Farið var á bikarmót á Djúpavogi 22. nóvember og er það alltaf með hefðbundnum hætti.

Síðasta sundtími fyrir jólafrí var 10. desember og ákveðið var að hafa ekkert jólaslútt vegna ferðarinnar sem við fórum í suður.

Við fórum í þrjár fjáraflanir síðasta ár, það voru tvær dósasafnanir og jólakortaútburður sem gerður er í samvinnu við fimleikadeildina og tókst vel til.

Stefanía Anna Sigurjónsdóttir, formaður Sunddeildar Sindra.

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar Sindra

Á vordögum hætti Goran Basrak hjá okkur í frjálsíþróttadeildinni og ákvað að snúa sér alfarið að sundinu. Í stað hans kom Hilmar Kárason sem æft hafði fótbolta með Sindra. Einnig kom Alrún Stephensdóttir til okkar í afleysingar í sumar, en núverandi þjálfari deildarinnar er Kristinn Snjólffsson.

Við störtuðum sumrinu með því að fá inn nokkra alræmda reynslubolta til að kveikja áhuga á greininni. Þetta voru þau Guðrún Ingólfssdóttir, Zophonías Torfason og Bjarni Malmquist.

Til að reyna að rífa upp starfið hjá frjálsíþróttadeildinni ákváðum við að halda frjálsíþróttanámskeið og fengum til liðs við okkur Þráinn Hafsteinsson yfirþjálfara hjá ÍR. Námskeiðið var haldið á haustdögum og komu nokkrir iðkendur frá Hetti og voru með okkur. Námskeiðið var mjög vel heppnað og jókst aðsóknin hjá deildinni töluvert. Iðkendafjöldi var kominn upp í 17 um áramótin. Við sóttum um styrk úr fræðslu og verkefnasjóði UMFÍ vegna gestaþjálfara og fengum 50.000 kr.

Einnig fengum við styrk frá Rannís (Íþróttasjóði ríkisins) upp á 200.000 kr. til uppbyggingar á tækjabúnaði deildarinnar. Ákvað stjórn að fara í að byggja hús yfir hástökkdýnuna úti. En við höfum ekki átt fjármagn fyrir þeirri framkvæmd en átt teikningarnar nokkuð lengi. Framkvæmdarstjóri er í því verkefni núna að fá einhvern til að byggja þetta hús fyrir okkur. Við eigum 171.000 kr. sem iðkendur hafa fjáraflað í gegnum tíðina og hefur stjórn rætt um að setja þá peninga í tækjakaup fyrir deildina.

Við héldum Sindraleykana að venju á hátíð á Höfn en þeir voru fámennari en undanfarin ár og næstum engir utanaðkomandi þátttakendur.

Við sendum einhverja iðkendur á flest stórmót ársins og voru nokkrir að ná góðum árangri. Má þar nefna að Áróra Dröfn Ívarsdóttir er komin í úrvalsshóp ungmenna FRÍ.

Stjórn frjálsíþróttadeildar Sindra

Starfsskýrsla UMF. Mána fyrir árið 2015

Aðalfundur Mána var haldinn 17. mars 2015 og á hann mættu frekar fáir. Hæst bar á fundinum að lög félagsins voru færð í aðeins nútímalegra horf. Þær breytingar urðu á stjórn að Egill Eiríksson lét af embætti gjaldkera. Ásta Steinunn Eiríksdóttir, systir Egils, var kosin í sama hlutverk í hans stað.

Skoðunarmenn reikninga eru Grétar Már Þorkelsson og Valgerður Egilsdóttir. Vallarstjóri er sem fyrr, Birgir Freyr Ragnarsson.

82. ársþing USÚ var haldið 26. mars í Mánagarði og á það mættu fulltrúar Mána. Hreinn Eiríksson, fyrrverandi formaður Mána var útnefndur heiðursfélagi USÚ á þinginu.

Helgina 13. – 14. júní s.l. tóku nokkrir vaskir Mánamenn sig saman og lagfærðu gamla leikvöllinn við Brekkubæ svo um munaði. Verkið fólst aðallega í því að endurnýja girðinguna, sem var vægast sagt orðin léleg. Fánastöng var einnig komið fyrir við völlinn og síðan var hann sleginn og hirtur.

Að venju var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur. Veðrið var með eindæmum gott og óhætt að segja að Nesjasveit hafi skartað sínu fegursta. Göngufólkið lagði af stað frá Mánagarði og gekk í halarófu á eftir fánaberunum, þeim Birni Ármanni Jónssyni og Ingvari Guðjónssyni, að gamla leikvöllinum við Brekkubæ. Þar fór fram skemmtidagskrá þar sem farið var í leiki, m.a. pokahlaup, naglaboðhlaup, reiptog og hjólbörurallý. Gaman er að segja frá því hve duglegir bæði ungir sem aldnir voru að taka þátt í leikjunum. Síðan voru grillaðar pylsur og auðvitað var karamelluregn. Alls tóku á bilinu 50-60 manns þátt í hátíðarhöldunum og stjórn Mána vill þakka öllum sem mættu kærlega fyrir komuna.

49. sambandsþing UMFÍ var haldið í Vík í Mýrdal um miðjan október og átti USÚ sína fjóra fulltrúa þar. Sigurður Óskar Jónsson náði kjöri í varastjórn UMFÍ á þinginu.

Jólatréð var sett upp á kirkjuhæðinni við Laxá 12. desember s.l. og fór sú athöfn fram í kyrrþey líkt og undanfarin ár. Jólatréð var keypt af Kiwanisklúbbnum Ósi.

Nýtt tölublað af Vísi kom út rétt fyrir síðustu jól og var því dreift á öll heimili í Austur-Skaftafellssýslu.

Vetrarganga Mána fór fram 27. desember. Litlu munaði að hægt væri að segja að á annan tug göngumanna hafi mætt. Það voru þó allavega 10 með hundinum. Gengið var frá Mánagarði, upp í Hæðagarð og upp á Stórhól. Þaðan var gengið eftir hólum og þúfum í áttina að Meðalfelli, þangað til komið var að veginum inn í Laxárdal. Honum var svo fylgt niður að Mánagarði aftur, alls um 2,5 km. Það hefði verið gaman að fara eitthvað lengra, en veðrið var heldur ekkert sérstaklega gott, hvass vindur og rigning þegar á leið.

Þrettándagleði UMF Mána var haldin niður á Völlum laugardaginn 9. janúar vegna óhagstæðs veðurútlits á Þrettándanum, kveikt var í kl. 18:00. Veðrið var ágætt þó að mikið hafi éljað. Það tókst vel að láta bálköstinn loga og Björgunarfélag Hornafjarðar var svo að vanda með tilkomumikla flugeldasýningu sem var hápunktur kvöldsins.

Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Mána

Máni tók aftur þátt í 4. deild KSÍ síðastliðið sumar. Markmiðið var að gera betur en sumarið áður en þá unnu Mánamenn ekki leik. Það markmið náðist í öðrum leik á útivelli gegn

Kóngunum þar sem Máni vann sigur með fjórum mörkum gegn tveimur. Þess ber að geta að á 6. fundi Mána, 20. júlí árið 1913 var eftirfarandi bókun samþykkt: „Fundurinn ákveður að félagið kaupi fótbolta, handa þeim er æfa vilja þá íþrótt í félaginu.“ Það var því söguleg stund þegar meistaraflokkur vann sinn fyrsta sigur á Íslandsmóti tæpum 102 árum síðar.

Í lok sumars endaði Máni með níu stig og varð í sjötta sæti í sínum riðli, en sjö lið voru í riðlinum. Það var óneitanlega ánægjulegt að Máni vermdi ekki botnsætið líkt og sumarið áður.

Sex heimaleikir voru spilaðir á Mánavelli síðasta sumar og alltaf var vel mætt á völlinn til þess að hvetja liðið áfram. Hellt var upp á kaffi fyrir áhorfendur og í eitt skipti voru grillaðar pylsur fyrir aðkomuliðið.

Markahæstur Mánamanna var Arnar Freyr Valgeirsson með sjö mörk sem er vel af sér vikið. Eiríkur Snær Jóhannesson og Egill Eiríksson komu svo næstir með þrjú mörk hvor.

Sveinn Rúnar Ragnarsson, formaður U.M.F. Mána

Starfsskýrsla UMFÖ 2016, fyrir starfsemi ársins 2015

10. janúar 2015. Gönguferð í umsjá Hólmfríðar Guðlaugsdóttur: frá Háöldu upp að Slögu, vestur að Sandfelli og aftur á Háöldu.

16. janúar 2015. Myndasýning í Hofgarði. Sigurður Gunnarsson sýndi myndir teknar við ýmis tækifæri: í gönguferðum Ungmennafélagsins, skólaferðalögum, öðrum ferðalögum um landið og á skemmtunum í Örafum.

24. janúar 2015. Gönguferð í umsjá Hólmfríðar og Sigurðar Gunnarssonar. Genginn hringur frá Svarthömrum að Kvíarjökli og loks að Hólahúsum.

7. febrúar 2015. Gönguferð í umsjá Hólmfríðar: Gengið upp á Stóröldu í Freysnesi og síðan upp að jökli og vestur að Hafrafelli, virtum fyrir okkur Svínafellsjökul sem er ein skærasta kvikmyndastjarnan í dag! Svo til baka hjá gömlu réttinni.

21. febrúar 2015. Gönguferð á Fagurhólsmýri í umsjá Hólmfríðar og Sigurgeirs Jónssonar. Gengið niður Klifið, austur með hömrunum og komið við hjá Bæ. Svo út með Salthöfðanum þar sem sláturhúsið stóð eitt sinn við Vögubólstjörn, til baka uppá hömrunum og að sundlauginni þar sem Palli á Mýri kenndi sund.

15. mars 2015. Gönguferð á Hofi í umsjá Hólmfríðar. Gengið upp að Sýrukeri yfir Skriðulæk, um Sigurðargirðingu, inn að Gröf og niður með Hvalvörðugilslæknum aftur að Hofgarði.

17. mars 2015. Aðalfundur UMFÖ haldinn í Hofgarði, venjuleg aðalfundarstörf.

23. mars 2015. Hnit og borðtennis í Hofgarði (hnit er annað orð yfir badminton).

26. mars 2015. Sigrún Sigurgeirsdóttir sótti USÚ þing í Mánagarði. Þar fékk Sigrún starfsmerki UMFÍ fyrir ötult starf í þágu ungmennahreyfingarinnar.

17. júní 2015. Útisamkoma í Svínafelli við Hálsaskersgarð. Dagskráin var með hefðbundnu sniði, farið í leiki og boðið upp á hressingu.

9. desember 2015. Hátíðarsamkoma í Hofgarði í tilefni 30 ára afmælis Hofgarðs. Samkoman var samstarfsverkefni skólans, kirkjunnar og Ungmennafélagsins með stuðningi bæjarstjórnar. Flutt var dagskrá og boðið upp á ljúffengan kvöldverð.

20.-28. desember. Opið hús í Hofgarði nokkur kvöld þar sem ungmenni spiluðu borðtennis og fleira.

27. desember 2015. Jólaball var haldið í Hofgarði. Halldóra Oddsdóttir, Gissur Gunnarsson, Sigrún Sigurgeirsdóttir, Páll S. Guðmundsson og Sunneva Helgadóttir sáu um undirbúning og framkvæmd; Sunneva lék jólasvein. Þorlákur Magnússon spilaði fyrir söng við jólatréð og Sigrún, Halldóra og Steinunn Björg Ólafsdóttir stýrðu söngnum.

F.h. stjórnar UMFÖ: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Skotfélag Hornafjarðar, starfsskýrsla 2015

Sveitarfélagið hefur loks hafist handa við deiliskipulag á svæði skotfélagsins, og nú í mars 2016 komst skriður á það verkefni og vonandi verður komið grænt ljós á framkvæmdir um mitt sumar. Vegna þess hve þessi vinna hefur dregist hefur Skotfélagið hefur ekki fengið neina styrki frá Sveitarfélaginu og ekki er útlit fyrir að það verði fyrr en deiliskipulag er komið á hreint.

Skotfélagið hefur tekið að sér skotpróf fyrir UST í tengslum við hreindýraveiðar, einnig tókum við að okkur verklega kennslu vegna skotvopnanámskeiðs sem haldið var á Höfn síðasta haust og verður það sennilega endurtekið í sumar.

Skotfélagið smíðaði þrjá skúra fyrir kastvélar og tók einn þeirra í notkun síðasta sumar, hann hefur verið notaður til skotæfinga í vetur þegar vel hefur viðrað. Vonandi verða allir skúranir komnir í notkun nú í júní og þá verður hægt að æfa skotfimi skipulega. Einnig erum við komnir með skotborð fyrir riffilskotfimi og vonandi verður það komið upp fyrir skotprófin nú í vor.

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hornfirðings, starfsárið 2014-2016.

Aðalfundur Hornfirðings var haldinn 30. nóvember 2014, alls mættu um 10 manns á fundinn. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn félagsins; Pálmi Guðmundsson formaður, Gunnar Þorsteinsson ritari, Lena Hrönn Marteinsdóttir gjaldkeri og Janine Arens með stjórnandi. Ásmundur

Ásmundsson og Inga Stumpf varamenn til eins árs. Páll Guðmundsson átti eftir eitt ár af kjörtíma sínum sem meðstjórnandi.

Ný heimasíða var tekin í notkun og lénið hornfirdingur.is. Á heimasíðunni eru eftirfarandi valmöguleikar; “Fréttir”, “Um félagið” (Stjórn og nefndir, Fundargerðir, Lög félagsins, Gjaldskrá í reiðhöll og “Gerast félagi”. Einnig er “Dagskrá”, “Myndir”, “Tenglar” og “Senda tölvupóst”. Inga Stumpf setti upp heimasíðuna fyrir félagið. Stjórn hestamannafélagsins ákvað að lækka gjaldskrá fyrir aðgang að reiðhöllinni árið 2015. Félagsmenn 17 ára og yngri eru með frían aðgang að reiðhöll og eiga að vera í umsjá og á ábyrgð forráðamanna sinna. Árgjald fyrir félagsmenn 18 ára og eldri er kr. 12.000,- kr. 20.000,- fyrir tvo frá sama heimili og kr. 25.000, fyrir þrjá frá sama heimili. Nýtt aðgangskerfi var tekið í notkun og þeir sem kaupa aðgang fá plastkort sem þeir nota til að komast inn í reiðhöllina. Greitt er skilagjald kr. 1000 fyrir hvert kort, sem fæst endurgreitt þegar og ef korti er skilað. Greiðsla fyrir árskortin fer inn á reikning Hornfirðings, kt. 681188-2589, banki: 0169-26-6811 og kvittun á netfang: lenam@hornafjordur.is

Reiðnámskeið í reiðhöll fyrir börn og unglinga á grunnskólaaldri, var haldið á tímabilinu 4. janúar - 10 maí 2015. Snæbjörg Guðmundsdóttir (Snæsa) heldur námskeiðið í samstarfi við hestamannafélagið. Námskeiðið var haldið í reiðhöllinni, aðra hvora helgi, nemendum skipt upp í 5-6 manna hópa, samtals 30 krakkar, alls 10 helgar í vetur. Námskeiðið var bæði verklegt og bóklegt og er niðurgreitt af sveitarfélaginu (frístundakort). Ómar Ingi Ómarsson reiðkennari var einnig með reiðnámskeið í reiðhöllinni, einkatíma þar sem voru 2-3 saman í tíma einu sinni í viku. Alls tóku um 15 manns þátt.

Fyrstu vetrarleikar félagsins voru haldnir í reiðhöllinni, laugardaginn 7. febrúar, keppt var í töltili, A- og B-flokki. Sú nýbreytni fór af stað í vetur að félagar komu saman í Stekkhól til að fylgjast með Meistaradeildinni í hestaþróttum á Stöð 2, á 60" skjá sem Heimilistæki gáfu félaginu. Fyrsta kvöldið sem komið var saman, var 12. febrúar, Gæðingafimi, og boðið var upp á súpu, brauð öl og gos. Þann 26. febrúar var síðan Fimmgangur, 12. mars Tölt og að síðustu skeiðgreinar. Góð stemning myndaðist á þessum kvöldum og fjöldi félagsmanna var á bilinu 10 - 20 manns.

Framkvæmdir voru við salinn í Stekkhól, sett var upp niðurhengt loft og lýsing. Einnig voru settir upp skápar í eldhús. Umsjón með framkvæmdum höfðu þeir bræður, Geir og Gunnar Þorsteinssynir, Palli, Bergmann, Pálmi, Ásmundur, Maggi Skúla ofl. komu einnig að verkinu ásamt starfsmönnum Þingvaðs. Hjörtur Hjartar sá um uppsetningu á Led lýsingu og lagnavinnu. Einnig var haldið áfram í framkvæmdum við nýjan reiðveg, milli Bergárdals og Dynjanda undir dyggri verkstjórn Páls Guðmundssonar formanns reiðveganefnar en félagið hefur fengið góðan styrk úr reiðvegasjóði Landsambands hestamanna.

Komin er hefð á keppnisferð á Ístölt Austurlands en mótið var haldið þann 21. febrúar 2015. Frá Hornfirðingi voru þátttakendur fimm í töltili áhugamanna, einn í Opnum flokki í töltili, tveir í B-flokki og tveir í A-flokki. Hornfirðingur var með fulltrúa í öllum úrslitum, 2, 3 og 4. sæti í

tölti áhugamanna-flokki, 2, og 6-7 sætið í B-flokki, 1, og 3. sætið í A-flokki og 5. sætið í Opnum flokki í tölti.

Þann 27. mars voru haldnir II vetrarleikar Hornfirðings þar sem keppt var í fyrsta sinn í nýrri keppnisgrein, "Töltfimi" bæði í flokki áhugamanna og Opnum flokki. Einnig var keppt í Smala - þrautabraut og Öltreid. Talsvert að fólk kom í reiðhöllina til að fylgjast með og tókst keppnin vel í alla staði. Þann 6. apríl stóð útreiðanefnd fyrir páskareið. Mæting var við Mánagarð og farið var inn í Laxárdal í Nesjum, alls mættu 38 knapar í útreiðina, sá elsti 70 ára og sá yngsti 7 ára. Einnig var farið í kvöld útreiðartúr í Hrísey og Flangey, miðvikudaginn 13. maí, á vegum úrreiðanefndar, fararstjóri var Gunnar Þorsteinsson, lagt var af stað frá hestavellinum kl. 19:30. Fjöldi félagsmanna kom í ferðina í góðu veðri. Haldin voru vinnukvöld í Stekkhól og á hestavelli þann 4. og 8. júní vegna undirbúnings fyrir félagsmót Hornfirðings sem haldið var 13. - 14. júní. Á sama tíma fór fram úrtaka fyrir Fjórðungsmót á Austurlandi sem haldið var 2. - 5. júlí 2015.

Góð mæting var frá Hornfirðingi á Fjórðungsmót Austurlands á Héraði. Hornfirðingar voru áberandi í áhorfendabrekkunni, félagið seldi úlpur, húfur og hettupeysur merkt Hornfirðingi fyrir mótið. Góð þátttaka var í keppnisgreinum mótsins frá Hornfirðingi, tveir keppendur voru í barnaflokki og önnur þeirra tók þátt í úrslitum. Þrír keppendur voru í unglingsflokki, tvær þeirra tóku þátt í úrslitum. Tveir keppendur voru í ungmennaflokki. Alls tóku 8 hestar þátt í B-flokki og Magni frá Hólum og Gunnar Ásgeirsson unnu B-úrslit og lentu í 5. sæti og Klerkur frá Bjarnanesi og Kári Steinsson sigruðu A-úrslit í B-flokki. Í A-flokki tóku þátt 8 hestar frá Hornfirðingi, Gefjunn frá Lækjarbrekku og Friðrik Hrafn Reynisson kepptu í B-úrslitum og Glæsir frá Lækjarbrekku og Friðrik Hrafn Reynisson lentu í 5. sæti í A-úrslitum og Sif frá Syðstu Fossum og Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir sigruðu A-úrslit í A-flokki. Frábær árangur hjá hestum og knöpum. Á kynbótavellinum stóðu Hornfirðingar sig ennig vel, Sara frá Lækjarbrekku, knapi Friðrik Hrafn Reynisson, lenti í 2. sæti í 4. vetra flokki kynbótahryssna. Þess má geta að Sara frá Lækjarbrekku fékk hæsta dóm fyrir hæfileika í 4. vetra flokki, 8,52, þar af tvær 9, fyrir tölt og vilja og geðslag. Marín frá Lækjarbrekku, knapi Hlynur Guðmundsson, lenti í 2. sæti í 5. vetra flokki kynbótahryssna. Organisti frá Horni, knapi Ómar Ingi Ómarsson / Tryggvi Björnsson, lenti í 4. sæti í flokki 5. Vetra stóðhesta.

Nokkrir félagar frá Hornfirðingi fóru á hestamannamót Kóps við Kirkjubæjarklaustur og voru í verðlaunasætum í öllum flokkum. Þótti þátttakendum gaman að heimsækja granna okkar í vestri og kynnast mótahaldi þeirra.

Undanfarin sumur hafa félagar í Hornfirðingi verið duglegir að ferðast með rekstur um innan sveitar. Í sumar var farið í hestaferð á Mýrar, Suðursveit og Lón. Ferðin hófst 19. ágúst og stóð fram í september. Margir félagar tóku þátt og reksturinn var oft ansi myndarlegur, 40-50 hross.

Milli jóla og nýárs var farið í framkvæmdir í reiðhöll, steipt var plata undir áhorfendapalla. Eftirfarandi félagar mættu til leiks, Gunnar Þorsteinsson (verkstjóri), Palli, Geir, Venni, Frikki,

Bergmann, Ingvar, Finnur, Hjörtur ofl. Fleiri framkvæmdir eru í undirbúningi, stefnt er að því að einangra, leggja hitalagnir og parket á gólf í sal í Stekkhól. Einnig er stefnt að því að setja upp jarðvarmadælu og nýtt ofnakerfi í Stekkhól fyrir næsta vetur. Fjárhagsáætlun um frekari framkvæmdir í Stekkhól liggur fyrir, vinna þarf í fjármögnun þessa verkefna svo hægt sé að auka notagildi hússins t.d. með útleigu fyrir ýmisskonar veisluhöld og fundi. Í reiðhöll þarf að setja upp nýtt grindverk og áhorfendapalla, mála stálgrind og ýmislegt fleira. Þá kom fram í máli formanns að hestamannafélagið sendi bréf til sveitarfélagsins, Björns Inga Jónssonar bæjarstjóra, í haust með beiðni um fjármagn til að ljúka framkvæmdum við reiðhöll og einnig var óskað eftir sérstöku framlagi vegna undirbúning á 80 ára afmælis Hornfirðings þann 17. maí 2016. Að lokum þakkaði formaður félögum sínum í stjórn og öðrum félagsmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári og vonaðist eftir öflugum félagsstarfi á afmælisárinu.

F.h. stjórnar Hornfirðings, Pálmi Guðmundsson, formaður



Myndir frá Hestamannafélaginu Hornfirðingi

Skýrslur bárust ekki frá Golfklúbbi Hornafjarðar, Skotfélagi Austur-Skaftafellssýslu og Akstursíþróttafélagi Austur-Skaftafellssýslu áður en ársritið fór í prentun. Þó barst skýrsla frá Skotfélaginu fyrir vefútgáfunu.

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ, tók saman.